

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	10/5 2021
Málsnr:	2105152
Bréfal:	032 2



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Kópavogi, 7. maí 2021
2011008 PBG/HH

Efni: Höfuðborgarkort – tillaga frá aðalfundi SSH

Á 524. fundi stjórnar SSH hinn 3. maí sl. var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

Höfuðborgarkort – tillaga frá aðalfundi SSH 2020 / málsnr. 2011008

Á aðalfundi SSH 2020 var lögð fram tillaga um að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leituðu leiða til að íbúar gætu, þvert á sveitarfélögin, nýtt aðgangskort sín í sundlaugar, menningarhús og bókasöfn. Tillagan var tekin fyrir á 516. fundi stjórnar SSH og vísað til umræðu samhliða vinnu um átaksverkefni sóknaráætlunar. Tillagan kom of seint fram til að hægt væri að vinna hana áfram samhliða átaksverkefnum sóknaráætlunar árið 2021 og er gerð tillaga um að henni verði vísað til umfjöllunar á vettvangi sveitarfélaganna.

Niðurstaða fundar:

Ofangreindu er vísað til umræðu á vettvangi sveitarfélaganna.

Tilkynnist framangreint hér með. Jafnframt er þess óskað að SSH verði upplýst um ferli málsins innan sveitarfélagsins og niðurstöður þessarar umræðu sem þar fer fram.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Tillaga um höfuðborgarkort – lögð fram á aðalfundi SSH 2020.

1. Tillögur sem fram komu á aðalfundi SSH hinn 13. nóvember 2020:

- a) Eftirfarandi tillaga Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur og Pawels Bartozek borgarfulltrúa í Reykjavík, Lovísu Jónsdóttur bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ, Söru Daggar Svanhildardóttur bæjarfulltrúa í Garðabæ og Karls Péturs Jónssonar bæjarfulltrúa á Seltjarnarnesi lögð fram:

Höfuðborgarkort í þágu íbúa

Lagt er til að á vettvangi SSH muni sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leita leiða til að íbúar geti, þvert á sveitarfélögin, nýtt aðgangskort sín í sundlaugar, menningarhús og bókasöfn.

Greinargerð:

Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði. En það er líka eitt íbúasvæði. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu leita út fyrir sitt sveitarfélag til að njóta náttúru, upplifa menningu í menningarhúsum okkar, heimsækja sundlaugarnar og geta fengið bækur lánaðar á milli bókasafnanna okkar í gegnum bókasafnakerfið Leitir. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þurfa að taka mun stærri skref í því að auðvelda íbúum að njóta þessara gæða sem sveitarfélögin bjóða upp á, með því að opna þau gæði sem við bjóðum yfir sveitarfélagamörk.

Aðgangskort í sundlaugar, menningarhús eða bókasöfn, sem gilda þvert yfir sveitarfélagamörk eykur þau gæði sem verið er að borga fyrir og getur þannig gert slík aðgangskort vinsælli til kaupa.

Ekki er lagt til með þessari tillögu að stofnað verði byggðasamlög um rekstur sundlauga, menningarhús og bókasafna. Reksturinn yrði enn í höndum hvers sveitarfélags fyrir sig.

Sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu hafa mörg gert samning við World Class sem þýðir að korthafar líkamsræktarstöðvarinnar hafa einnig aðgang að sundlaugum, þvert á sveitarfélög. Sveitarfélög hljóta því að geta fundið lausn til samstarfs í þágu allra íbúa.

Það er verið að skoða stofnun áfangastofu fyrir höfuðborgarsvæðið samkvæmt sóknaráætlun SSH og nýrri ferðamálastefnu Reykjavíkur. Góð reynsla er af því að bjóða upp á eitt „borgarkort“ fyrir ferðamenn, þar sem innifalinn er aðgangur að öllum menningarhúsum Reykjavíkur, sem hægt að útvíkka fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Slíkt samstarf væri hægt að útvíkka enn frekar til að ná líka til íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Bókasöfnin okkar eru að þróast í takt við nýja tíma og bjóða upp á mun meira en bara bækur. Bókasöfnin eru að verða svæði til að koma saman, skapa, grúska, halda fundi og læra eitthvað nýtt. Það er ekkert sem segir að þau sem nýta sér þessar þjónustu bókasafnanna, eins og saumaklúbbar eða vinahópar, þurfi að búa í sama sveitarfélagi.

Með því að opna þessi aðgangskort, þvert á sveitarfélög getum við fundið leið til að einfalda líf íbúa, aukið valfrlsi þeirra og bætt upplifun.

Tillögunni var vísað til meðferðar stjórnar SSH.